

Fréttatilkynning frá Árvakri hf.

## **Ólafur Þ. Stephensen lætur af starfi ritstjóra**

Samkomulag hefur orðið um það milli eigenda Árvakurs hf. og Ólafs Þ. Stephensen, ritstjóra Morgunblaðsins, að hann láti af störfum hjá fyrirtækinu í dag.

Ástæðan er mismunandi áherzlur varðandi ritstjórn og rekstur Morgunblaðsins sem meðal annars hafa komið fram við stefnumótun og endurskipulagningu á starfsemi Árvakurs.

Nýr ritstjóri verður ráðinn svo fljótt sem kostur er.

Morgunblaðið þakkar Ólafi fyrir áralöng og vel unnin störf og óskar honum velfarnaðar.

Ekki stendur til að tjá sig frekar um málið við fjölmiðla.

Óskar Magnússon,  
útgefandi.